

Ed.

### **328. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða  
og hreppsfélaga.

Nefnd sú, er háttvirt Ed. kaus til að athuga frv. til laga um kosningarrétt og  
kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga, sem komið er til deildarinnar frá háttv.  
Nd., hefir rætt málið og er álit hennar á þessa leið:

Nefndin er háttv. Nd. samdóma um að mál þetta eigi fram að ganga á þessu þingi, og eru til þess einkum tvær ástæður.

Önnur ástæðan er sú, að nokkrar af konum landsins hafa þegar fengið þann rétt, sem frumvarpið veitir, og er því nú sem stendur misrétti í þessu efni milli kvenna landsins, en slíkt verður að teljast óhæfilegt.

Hin ástæðan er sú, að telja verður óheppilegt og ranglátt, að nokkur sé úti-lokaður frá kosningarrétti í málefnum kaupstaða og sveita fyrir þá sök eina, að hann hefir ráðist sem ársvistarhjú til vinnuveitanda, þegar sá hefir kosningarrétt, sem ræður sig til styttri tíma eða er lausamaður eða lausakona. Með þessu liggur réttarmissir við því, að ráðast í vist. En slíkt er að álitu nefndarinnar alt annað en heppilegt, þegar jafntregt gengur og nú er að fá nðuðsynlegustu hjú vistráðin.

Eins og frumv. liggur fyrir frá Nd. telur nefndin efni þess eigi svo aðgengi-legt almenningi, sem æskilegt væri. Hún hefir því leyft sér að taka ákvæðin um kosningarrétt og kjörgengi inn í frumv. sjálfst að öllu leyti. Af þessu leiðir að frumvarpið verður í fjórum greinum í stað tveggja.

Þá eina efnisbreytingu hefir nefndin leyft sér að gera, að ákveða hvenær löginn öðlist gildi.

Nefndin leyfir sér því að ráða háttv. Ed. til að samþykkja frumv. með eftirfylgjandi breytingartillögum.

1. Breytingartill. Í stað 1. og 2. gr. komi 2 nýjar gr. svo hljóðandi:

1. gr.

Kosningarrétt í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga hafa allir kaupstaðarbúar og hreppsúar, karlar og konur, í hverri stöðu sem þeir eru, séu þeir 25 ára að aldri þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í kaupstaðnum eða hreppnum síðastliðið ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, standa ekki í skuld fyrir sveitarstyrk og greiða gjald í bæjarsjóð eða hreppssjóð.

Kona gift kjósanda hefir kosningarrétt, þó hún sé ekki fjár síns ráðandi sökum hjónabandsins og þótt hún ekki greiði sérstaklega gjald í bæjarsjóð eða sveitarsjóð, uppfylli hún að öðru leyti áður greind skilyrði fyrir kosningarrétti.

2. gr.

Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrétt hefir. Hjón mega þó aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, heldur eigi foreldrar og börn, né móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra.

Konum er jafnan heimilt að skorast undan kosningu.

2. Breytingartill. Tvær nýjar gr., sem verða 3. og 4. gr., bætist við.

3. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numín 4. gr. laga nr. 22 frá 8. okt. 1883, 5. gr. laga nr. 23 frá 8. okt. 1883, 5. gr. laga nr. 15 frá 8. maí 1894, 8. gr. laga nr. 43 frá 10. nóvbr. 1905, 3. gr. laga nr. 86 frá 22. nóvbr. 1907, 5. gr. laga nr. 75 frá 22. nóvbr. 1907 og alt annað það í lögum, sem í bága kemur við þessi lög.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1910.

3. Breytingartill. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp til laga um breyting á lögum, er snerta kosningarrétt og kjörgengi í mállefnum kaupstaða og hreppsfélaga.

Alþingi, 24. marz 1909.

J. Havsteen,  
formaður.

Jósef Björnsson,  
skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson.